

## **Innritunarreglur Tónlistarskóla Húnaþings vestra**

### **1. gr.**

Innritun fer fram frá 1. apríl til 1. maí ár hvert. Innritað er fyrir heilan vetur.

### **2. gr.**

Helmingur af námsgjaldi greiðist fyrir 1. ágúst. Hafi nemandi ekki greitt á tilskyldum tíma á hann ekki vísa skólavist það skólaár.

### **3. gr.**

Eftirstöðvar skólagjalda greiðast eigi síðar en 10. janúar nk. árs. Hafi það gjald ekki skilað sér á umsömdum tíma á nemandi ekki vísa skólavist á vorönn það árið.

### **4. gr.**

Skólagjald er óendurkræft. Undantekningu má gera í sérstökum tilfellum s.s. í veikindum og þess háttar.

### **5. gr.**

Hámarks nemendaígildi skulu vera 130 á námsönn. Grunnskólabörn hafa forgang til náms, innritunardagur ræður forgangsröð inn í skólann. Leyfilegt er að innrita leikskólabörn og nemendur 18 ára og eldri ef kvóti skólans rúmar það.

### **6. gr.**

Nemendur 18 ára og eldri greiði 50% hærra námsgjald en almennt gjald er hverju sinni.

### **7. gr.**

Nemendur í forskóla sem eru í hópkenndu (1. – 3. bekk grunnskóla) greiði helming af almennu gjaldi.

### **8. gr.**

Reglur um systkina afslátt: Annað systkini frá sama heimili fær 20% afslátt og þriðja systkini fær 35% afslátt.

### **9. gr.**

Nemandi fær 20% afslátt af skólagjöldum vegna annars hljóðfæris. Nemandi á eitt hljóðfæri hefur forgang að námi umfram nemanda sem óskar eftir að læra á hljóðfæri nr. tvö.

### **10. gr.**

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi innritunarreglur Tónlistarskóla V-Hún sem samþykktar voru á fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 9. mars 2006.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Húnaþing vestra þann 14. júní 2012